

Í þessu verkefni skoða nemendur listaverk út frá ólíkum sjónarhornum.

Skólastig: Framhaldsskólastig
Tímalengd: Um klukkustund.

Ólík sjónarhorn – Verkefni í læsi



Kynning Í risi Safnahússins, á 4. hæð, er sýningarhluti sem kallast Niður og fjallar um hvernig fólk horfir niður á landið undir fótum sér. Nánari upplýsingar um sýninguna, valin verk í sýningarsalnum Niður ásamt hljóðleiðsögn fást hér: www.safnahusid.is/vefleidsogn

Nemendur velja sér eitt af fjórum verkum til að túlka eftir eigin höfði og þjálfar um leið læsi, myndlestur og túlkun á listaverkum. Hverju verki fylgja þrjú textar frá ýmsum sérfræðingum sem sjá verkið út frá ólíkum sjónarhornum. Verkefnið býður upp á umræðu um réttmæti ólíkra skoðana, persónulega túlkun og tjáningu, félagslegt samþykki merkingar, póstmódernisma og stórsögu.

Í aðalnámskrá framhaldsskóla segir „Læsi snýst um samkomulag manna um málnotkun og merkingu orða í málsamfélagi og er því félagslegt í eðli sínu. Það er háð hefð og er því ekki færni sem einstaklingar geta öðlast og beitt óháð stað og stund, menningu og gildum. [...] Þrátt fyrir að læsi snúist um kerfisbundin tákni og miðlunartækni ber að undirstrika að það snýst fyrst og fremst um sköpun merkingar og sú merkingarsköpun á sér aldrei stað í tómarúmi. Tvær manneskjur kunna til dæmis að skilja tiltekinn texta á ólíkan máta þótt lestrartækni þeirra, hljóðkerfisvitund og orðaforða svipi mjög saman. Ekki er hægt að segja í þessu tilviki að þær séu misvel læsar heldur ræðst merkingarsköpun þeirra af þeirri reynslu sem þær hafa og ótal aðstæðubundnum þáttum sem orka á túlkun þeirra og skilning. Sumt er jafnframt erfitt að skilja án þess að þekkja til umræðuhefðar og orðanotkunar sem er við lýði í ýmsum hópum samfélagsins.“¹

Undirbúningur fyrir heimsókn Áður en Safnahúsið er heimsótt er gott að biðja nemendur að heimsækja vef Safnahússins og hlusta á hljóðleiðsögn um sýningarhlutann Niður (www.safnahusid.is/vefleidsogn). Kennari sækir verkefnablaðið [olik_sjonarhorn.pdf](#) á vef Safnahússins (www.safnahusid.is) undir Fræðsla – Skólaheimsóknir, prentar út fyrir nemendur (eitt á mann) og tekur með í heimsóknina.

Þegar í Safnahúsið er komið Hvar á að byrja? Í kjallara Safnahússins er fatahengi, salerni og fræðslurými með spjöldum til að festa verkefnablaðið á (í blárrí hirslu). Blýantar eru í afgreiðslu. Hver nemandi fær verkefnablað, blýant og spjald. Starfsfólk Safnahússins lætur kennara fá textablöð sem hann dreifir til nemenda eftir að þau hafa valið sér verk til umfjöllunar. Áður en lagt er af stað upp á 4. hæð er verkefnið kynnt fyrir nemendum.

Verkefnið Í sýningarýminu Niður eru fjögur verk sem fjallað er um út frá ólíkum sjónarhornum. Markmið verkefnisins er að nemendur gangi um salinn og skoði þessi fjögur verk sérstaklega. Því næst velja nemendur sér eitt þessara verka til að fjalla um. Nemendur fá texta hjá kennara um þrjú ólík sjónarhorn á verkið sem þau hafa valið. Nemendur lesa þennan texta og svara svo spurningunum í verkefninu.

Athugið Haldið hópinn á meðan heimsókn stendur. Þá er átt við að allur hópurinn heimsæki eitt sýningarrými í einu en inni í því rými ganga nemendur um að vild og vinna verkefnið. Hvetjið nemendur sem eru fljótir að leysa verkefnið til að ganga rólega um rýmið, sem þið eruð stödd í, og skoða verkin á meðan beðið er eftir að allir klári verkefnið. Hvetjið nemendur til að skoða verkin vel og spjalla um hvað þau sjá í verkunum. Hver nemandi skrifar hugsanir sínar á verkefnablað sitt. Þjálfar starfsfólk Safnahússins er á staðnum tilbúið til aðstoðar.

Ef tími gefst til Heimsækið Lestrarsal hússins á 2. hæð þar sem fjallað er um sjálfsmyndir. Skoðið verkin í skápunum, setjist svo niður við borðin og vinnið verkefni í teikningu.

Eftir heimsókn Hvetjið nemendur til að leita að upplýsingum um listamanninn sem gerði verkið sem þau völdu að fjalla um í verkefninu. Geta nemendur fundið fleiri verk eftir sama listamann? Eru þau verk unnin í sama miðil og verkið sem er til sýnis í Safnahúsinu? Geta nemendur fundið upplýsingar um lífshlaup höfundarins? Litlar upplýsingar munu finnast um suma listamennina, geta nemendur dregið ályktun út frá „þögninni“ um þá listamenn? Hvað segir upplýsingaleysi um höfunda um stöðu hans eða hennar? Finnst nemendum þessar upplýsingar hafa áhrif á þá skoðun sem þeir voru búnir að móta sér af verkinu?

¹ Tilvitnun í námskrá er úr: Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2011). Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011: Almennur hluti. Bls. 16-17. Sótt af: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar/adalnamskra-framhaldsskola/> (sótt þann 3.3.15).